

Nr. 17-057 S 040 Fönix SH 3***Bilun í búnaði og ásigling***

Skipaskr.nr. 7464
Útgerð: G. Kristjánsson ehf
Smíðaður: Hafnarfirði 1997 plast
Stærð: 5,95 brl. 5,29 bt.
Mesta lengd: 8,30 m Skráð lengd: 8,21 m
Breidd: 2,53 m Dýpt: 1,63 m
Vél: Yanmar 213,3 kW 2003
Fjöldi skipverja: 1



Fönix ©Fiskifréttir

Gögn:

Lögregluskýrsla

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. janúar 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli

Atvikalýsing:

Þann 16. maí 2017 var strandveiðibáturinn Fönix SH 3 að koma til hafnar í Stykkishólmi.

Þegar verið var að leggja bátnum að bryggju virkaði stjórnbúnaður hans ekki og báturinn lenti undir göngubrí sem lá niður á flotbryggju. Við ásiglinguna brotnaði allt ofan af stýrishúsinu, s.s. mastur, loftnetsbúnaður og gúmmí-björgunarbátur. Búnaður féll niður á þilfarið aftan við stýrishúsið (sjá mynd) svo að skipstjóri komst aðeins út úr því um neyðarlúgu á hvalbak.

**Við rannsókn kom fram:**

- að ekki er vitað hvers vegna skiptibúnaðurinn virkaði ekki. Hann var nýlegur þar sem sambærilegt atvik hafði átt sér stað sumarið áður. Engar skýringar hafa fundist á þessu þrátt fyrir skoðun.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.